

# HÚSÖNDIN

44. tbl. 3. árg.  
1. des. 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804



## AFMÆLISBÖRN DAGANA 2. - 8. DESEMBER

3.12. Þorgerður Egilsdóttir

4.12. Adolfo Garcia Avila

6.12. Kristín Þ. Sverrisdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir

7.12. Jóhanna Harpa Sigurðardóttir

8.12. Hjördís Albertsdóttir

### Kæru lesendur og viðskiptavinir

Síðasta Húsöndin 2020 kemur út 15. desember og fyrsti útgáfudagur á nýju ári verður 12. janúar.

Jólaþvefjur verða birtar 15. desember og kosta 2500kr. m.vsk.

Þið getið haft samband við mig í síma 849-2804 eða með tölvupósti husondin@gmail.com.

Hafið það sem allra best á aðventunni, Arnþrúður



### Dyngjan auglýsir

Opið verður í Dyngjunni á aðventunni

28. og 29. nóvember kl. 12-16

5. og 6. desember kl. 12-16

12. og 13. desember kl. 12-16



Mikið til af falletgri gjafavöru.

Svo er líka alltaf hægt að hringja í síma 464-2003 og fá opnun.

Dyngjan handverksmarkaður

*Jarðböðin  
bjóða  
25% afslátt  
í desember  
af öllum  
árskortum*

Einstaklingskort: 26.250,-  
Hjónakort: 31.500,-  
Fjölskyldukort: 33.750,-

Hafið samband í síma 464-4411 // [info@jardbodin.is](mailto:info@jardbodin.is)  
Öll kort fryst ef til lokunar kemur



## Skútustaðahreppur

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 25. nóvember 2020 að auglýsa tillögur að breytingu á deiliskipulagi Kröfluvirkjunar og deiliskipulagi Hvera austan Námafjalls skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### *Breyting á deiliskipulagi Kröfluvirkjunar*

Deiliskipulagsbreytingin snýr að skilgreiningu niðurdælingarsvæðis á iðnaðarsvæði við Kröfluvirkjun. Breyting á deiliskipulagi fellst í því að skilgreint er niðurdælingarsvæði og staðsett niðurdælingarhola fyrir förgun á þéttivatni frá Kröflustöð. Niðurdælingarsvæðið er 0,4 ha að stærð og er það staðsett sunnan við kæliturninn í Kröflu.

### *Breyting á deiliskipulagi Hvera austan Námafjalls*

Deiliskipulagsbreytingin snýr að uppbyggingu aðkomusvæðis við áningarstað við hverasvæðið austan Námafjalls. Skipulagsbreytingin tekur til svæðis frá Þjóðvegi nr. 1 að útsýnispalli og göngustígum á hverasvæðinu, alls 11,4 ha. Í tillögnum eru bílastæði og þjónustuhús færð nær Þjóðveginum og fjær hverasvæðinu, umfang göngustíga minnkað og lóðin stækkuð úr 1835,1 m<sup>2</sup> í 2000 m<sup>2</sup>.

Skipulagsgögn munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn, frá og með mánudeginum 30. nóvember til og með mánudeginum 11. janúar 2021. Þá eru upplýsingar einnig aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: [www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is) undir skipulagsauglýsingar.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögu. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 11. janúar 2021. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið: [atli@skutustadahreppur.is](mailto:atli@skutustadahreppur.is). Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögu innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Atli Steinn Sveinbjörnsson,  
Skipulagsfulltrúi Skútustaðahrepps



hygge

